

Ný uppbygging ehf.  
b.t. Framkvæmdastjóra  
Súðarvogi 7  
104 Reykjavík

**Tegund skoðunar:** Takmörkuð úttekt 22/11/2017

**Staðsetning skoðunar:** Mosagata 4-12

**Eftirlitsmaður:**

**Þátttakendur í eftirlitsheimsókn:**



**Upplýsingar tengdar heimsókn:**

Endurskoðun á verkstað í kjölfar skýrslu B-107918

Í þessari eftirlitsskýrslu er gerð grein fyrir því sem krefst úrbóta af hálfu fyrirtækisins og gefin tímasett fyrirmæli um hvenær úrbótum skuli lokið. Áður en tilgreindir tímafrestir til úrbóta renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra til Vinnueftirlitsins.

Ef tilkynning um úrbætur berst Vinnueftirlitinu ekki innan tilgreinds tímafrests þá getur komið til stöðvunar vinnu eða lokunar á þeim hluta starfseminar er fyrirmæli beinast að, sbr. 84. gr., og/eða álagningar dagsekta, sbr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Fyrirtækið skal taka eftirfarandi atriði sem athugasemdir eru gerðar við með í áhættumat fyrirtækisins og áætlun um forvarnir eða endurskoða í fyrirliggjandi áhættumati, sé það til staðar. Það geta verið önnur atriði sem þarfnast úrbóta í fyrirtækinu og komu ekki fram í heimsókn Vinnueftirlitsins. Ef svo háttar skal einnig gera þeim skil í áhættumati fyrirtækisins.

### Kynning

Farið skal yfir efni þessarar skýrslu með fulltrúum starfsmanna.

**Athugasemd 1 - Öryggi**

Lýsing & mat á aðstæðum:

Ekki er búið að gera úrbætur vegna fyrirmæla 1 skv. B skýrslu 106682, fyrirmæla 1 og 2 skv. B skýrslu 106684 og fyrirmæla 4,5 og 6 skv. B skýrslu 107918 dags 21. nóv.2017. Vinnueftirlitið metur það svo að hætta sé fyrir líf og heilbrigði starfsmanna.

Fyrirmæli:

Öll vinnu er bönnuð á byggingarsvæðinu við Mosagötu 4-12, Urriðaholti, Garðabæ, þar til búið er að gera úrbætur vegna allra þeirra fyrirmæla sem Vinnueftirlitið hefur veitt fyrirtækinu (sjá nánar hér að ofan í Lýsing & mat á aðstæðum) og Vinnueftirlitið hefur aflétt banninu. Þrátt fyrir bannið er heimilt að vinna að úrbótum.

Veittur frestur:

01/01/0001

Lög & reglur:

046/1980: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Leiðbeiningar:

Vísað til Laga nr. 46/1980 grein 84-85.

Ef atvinnurekandi er óviss hvernig framkvæma eigi úrbætur mælir Vinnueftirlitið með því að hann leiti sér hjálpar utanaðkomandi sérfræðings í vinnuvernd, t.d. viðurkenndra þjónustuaðila í vinnuvernd. Hægt er að finna yfirlit yfir viðurkennda þjónustuaðila á heimsíðu Vinnueftirlitsins:

<http://www.vinnueftirlit.is/vinnuvernd/thjonustuadilar-i-vinnuvernd/>

---

Dagsetning og undirskrift eftirlitsmanns

**Andmælaréttur**

Samkvæmt 13. gr. stjórnáskýrslulaga nr. 37/1993 er meginreglan sú að aðili máls á rétt á að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Ef andmæli eru við efni skýrslunnar þurfa þau að berast Vinnueftirlitinu innan 14 daga frá dagsetningu hennar. Berist engin andmæli innan frestsins mun skýrslan standa sem lokaákvörðun.

**Áfrýjun úrskurða**

Samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er heimilt að kæra ákvarðanir Vinnueftirlitsins til Velferðarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.